

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar mánudaginn 21. maí 2012 kl. 12:00 í Grunnskólanum á Þórshöfn.

Mætt: Siggeir Stefánsson, Vilborg Stefánsdóttir, Hildur Stefánsdóttir, Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, Kristinn Lárusson, Svala Sævarsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Stefán Benjamínsson og Helgi Mar Árnason sem skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um stöðu skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, kom inn á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað, kynnti sitt mat á umsækjendum og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna. Nefndin þakkar Ingvari fyrir greinargott yfirlit og svör.

Umræður um umsóknir um stöðu skólastjóra. Nefndin mælir með að Ingveldi Eiríksdóttur verði boðið að taka við stöðunni.

Samþykkt samhljóða.

2. Skipulagsbreytingar við Grunnskólann á Þórshöfn

Umræður um drög að tillögu um skipulagsbreytingar sem kynntar hafa verið nefndinni. Lagt til að staða deildarstjóra sérkennslu verði lögð niður, til samræmis við fyrirbyggjandi tillögu um skipurit skólans.

Samþykkt samhljóða

3. Kennarar við Grunnskólann á Þórshöfn næsta skólaár

Umsóknir og fyrirspurnir um kennarastöður á næsta skólaári ræddar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.